




Háteigur



15. árgangur 11. tbl.

16. desember 2011

Gleðileg jól!

<http://hateigsskoli.is>

Frá skólustjóra

Ágætu lesendur

Húsin við Bólstaðarhlíð eru óðum að skryðast marglitum perum sínum og gluggarnir ljósaperlum og gyðingaljósum. Nú er reyndar komið í daginn að þessi sjöljósa ljósastjakar eru ekkert sérstaklega frá gyðingum komnir heldur jóla-skraut sem fundið er upp í Svíþjóð. Þessir fallegu ljósastjakar eru víst hvergi til fleiri í nokkru landi miðað við höfðatölu en á Íslandi.

Margt bendir til að hagur manna á Íslandi sé eitthvað betri en rétt eftir efnahagshrunið. Það er von mín að við göngum hægt inn í betri efnahagslega tíma og höldum ávinningi í meiri ráðdeildarsemi sem virðist einkenna samfélagið eftir hrunið. Þær athugarir sem ég hef kynnt mér segja að börnum líði almennt betur en fyrir örlagaárið 2008 og þeim ávinningi þurfum við einnig að halda. Þegar við lítum yfir haustið verður ekki annað sagt en að margir sigrar hafi verið unnir og þar ber hæst sigurinn á hæfileikakeppni grunnskólanna, Skrekk. Skólinn og nemendur hans fengu mikla og jákvæða umfjöllun í mörgum fréttamiðlum og er það þakkarvert hvað þessari keppninni var gerð góð skil. Atriðin í Borgarleikhúsinu voru öll sérstaklega skemmtileg og fjölbreytt. Það ber vott um hvað ungir Íslendingar eru glæsilegir og listrænir því að atriðin eru sköpuð af nemendum sjálfum með aðstoð kennara eða leiðbeinenda. Margt hefur breyst á þeim 20 árum sem ég hef starfað í Háteigsskóla og eitt af því er að mun meiri metnaður og betri ástundun einkennir nú unglunga almennt en þegar ég byrjaði. Oft segja menn að heimurinn fari versnandi en ég get ekki tekið undir það því að ef ég miða við unglungana sem ég umgengst hér í skólanum m.a. í gegnum félagsstarfið þá er mjög margt sem horfir til betri vegar. Eitt af því var kannski einmitt meðvitund unglunganna okkar sem stóðu að sýningunni að benda á það sem mönnum stendur ennþá ógn af, sem er stríð, og það gerðu þeir af miklu listfengi svo að það vakti aðdáun.

Nemendur á miðstigi tóku upp hjá sjálfum sér að halda hæfileikakeppni nýlega og fengu stuðning kennara við verkefnið. Þar sýndu þeir frumkvæði með því að ræða við kennara og við skólustjóra í tengslum við undirbúninginn

og skipulögðu allt sjálfir. Ég var því miður fjarri þegar keppnin fór fram en mér var sagt að keppnin hefði heppnast einstaklega vel. Ég var hins vegar viðstaddur afhendingu verðlauna og þá sá ég mikla og einlæga samgleði með sigurvegurunum þegar þeir voru tilkynntir. Það er þakkarvert þegar skóla tekst að vekja frumkvæði hjá börnunum þannig að þau verði gerendur en ekki þiggjendur.

Margt mætti tína til en boðskapurinn er um bjartsýni fyrir framtíðinni og hvað er betra en einmitt að draga fram og minnst á það sem vekur bjartsýni? Framtíðin verður björt í höndum þeirra sem nú vaxa úr grasi og þau munu gera samfélag okkar ennþá betra, því trúí ég.

Ég óska öllum innilega gleðilegra jóla og hvet alla til að njóta gefandi samveru um jólin.

Ásgeir Beinteinsson
skólustjóri Háteigsskóla

Skipulag yfir hátíðirnar

Á öftustu síðu Háteigs má sjá skipulag skólustarfs og jólaaleyfis fram til 3. janúar 2012.

Jólin

Jólin eru að koma,
nú hlakka ég til.
Því þá fæ ég gjafir
og góðan mat.

Klukkurnar klingja klukkan sex
og við förum í fín föt.

Við komum saman,
nú eru komin jól.

Ísabella María Eriksdóttir, 5. bekk

Myndir í þessum Háteigi
eru flestar úr 1. bekk



Draumadesember

Í desember á að skreyta húsið sitt, hafa gaman, fara út að leika í snjónum, drekka kakó með fjölskyldunni sinni. Borða góðan mat, fara á jólaböll, kaupa jólagjafir, horfa á bíómyndir. Það er alltaf svo margt að gera í desember. Ég bý stundum til snjókarla og snjóhús. Ég þrjóna alltaf eða fönndra undir jólatrénu hinu fagra.

Sóley Lind Heimisdóttir Paz, 6. bekk

Jólaþjóð

Snjórinn fellur land mitt á og jólin fara að koma. Jólagjafir fær ég þá og þetta verður svona.

Sparifötin fer ég í og opna jólagjafir. Allir vita hvað í mér býr og ég hlakka til næstu jóla.

Erna Björk Másdóttir, 7. bekk



Hangikjöt

Dagana 7. – 9. desember komu foreldrar í skólann og borðuðu hangikjöt með börnum sínum. Aðsóknin var mjög góð og segir Klara kokkur að alls hafi 815 manns fengið sér að borða í salnum þessa þrjá daga. Það er vel af sér vikið!

Jóladagur

Þríf, þríf, ekkert nema þríf, allt verður að vera fínt fyrir jólin. Og finna rétta jólakjólinn, búið verður allt jólaféð og syngjum saman í kringum jólatréð. Og þá verður gaman.

Magdalena Schram, 5. bekk



Spurningakeppni Háteigsskóla.

Spurningakeppni Háteigsskóla var nú haldin í annað sinn, en lokaúrslit voru 23. nóvember.

Til keppni mættu 42 nemendur í fjórtán liðum. Liðin voru alls konar, hrein strákalið og hrein stúlkulið og blönduð lið. Í fyrstu umferð féllu sex lið úr keppninni en sjö sigurlið komust áfram auk stigahæsta tapliðsins. Viku seinna var svo keppt í milliriðli og þá komust áfram fjögur lið. Eitt úr áttunda bekk, eitt úr níunda bekk og tvö úr tíunda bekk.

Þessi fjögur lið kepptu svo sín á milli um hvaða tvö lið kæmst áfram í úrslitakeppnina. Þar mættust svo bæði liðin úr tíunda bekk eftir mjög jafna og góða keppni í undanúrslitum. Leikar fóru þannig að

Spurningameistarar Háteigsskóla 2011 urðu:

- Friðgeir Ingi Jónsson
- Haukur Smári Gíslason
- Kári Gunnarsson

Í öðru sæti eftir mjög frækilega keppni urðu:

- Arnór Þorleifsson
- Júlía Valborg Ragnarsdóttir
- Stefán Atli Ágústsson

Við, kennarar unglíngastígs og stjórn skólans, óskum sigurvegurum keppinnar og öllum þátttakendum til hamingju með góða keppni.

Helgi Baldursson, kennari

Draumadesember

Í desember væri ég til í að það væri alltaf snjór til þess að ég gæti oft farið á skíði. Ég væri til í að það væru engin próf í skólanum. Ég væri til í að við fengjum alltaf að föndra og skreyta í stofunni í skólanum og við myndum hlusta á jólatónlist alltaf.

Sara White, 6. bekk

Gaman í desember

Í desember á ég afmæli. Það er þann 20., ég verð 11 ára. Við munum dansa kringum jólatréð, syngja jólalög og borða piparkökur. 20. desember er síðasti dagurinn í skólanum. Ég held jólin í sveitinni. Við skreytum jólatréð, borðum jólamat, ég held afmælið mitt í Reykjavík og svo borðum við pizzu og köku. Svo keyrum við í sveitina og ég held fjölskylduafmæli og fer að sofa um kvöldið. Mér líður vel eftir afmælisdaginn.

Jakóbína Kristjánsdóttir, 6. bekk

Góður dagur í lífi mínu

Það var aðfangadagur 2009, við vorum í bílnum á leiðinni til ömmu minnar á elliheimilinu Grund. Við vorum komin, ég opnaði dyrnar á bílnum og lenti í kalda snjónum. Ég andaði að mér kalda loftinu og horfði til himins. Það voru heil þúsund af litlum stjörnum. Ég velti fyrir mér hvort ein af þessum stjörnum væri hann afi. Það er leitt að ég gat aldrei fengið að kynnast honum.

Ég lokaði dyrunum og hélt síðan áfram á leiðinni inn á Grund. Við vorum komin, það var hlýtt þar inni.

Við fórum í lyftuna og við ýttum á takka númer fjögur. Við biðum í smástund, það var alveg þögn en allt í einu opnaðist lyftan og við stigum út úr henni.

Það var allt skreytt með fallegum, rauðum jólakúlum. Það voru jólalög í gangi og það var búið að setja gullfallegt jólatré upp sem skein eins og stjörnurnar.

Þarna sat amma. Hún var með lokuð augun og bros á vör. Hún var gullfalleg. Við löbbuðum til hennar og pabbi kyssti hana á ennið. Ég tók í höndina á henni og kyssti hana á kinnina. Hún opnaði augun og brosti. Ég vildi að ég gæti séð það bros aftur.

Þegar við vorum búin að vera hjá henni í hálf tíma þurftum við að fara heim og halda upp á jólin. En mér fannst eins og við værum þegar byrjuð á því.

Áður en við fórum rétti ég ömmu minni rauða, skreytta kúlu sem ég hafði skreytt sjálf. Hún brosti til mín og tók mig í fangið.

Þetta var besti dagur lífs míns.

Kolfína Eypórsdóttir, 7. bekk

Hreindýr

Þetta fallega hreindýr hér við hliðina gerði Úlfur Breki Pétursson í 7. bekk



Jólaball í skóla

Börnin hittast og halda ball, dansa kringum jólatré. Borða jólasleikjó og hlæja saman og sýna leikrit um Jesú og fæðingu hans, það er svo gaman, en nú er þetta búið.

Auðun Loki Kormáksson, 5. bekk





Upphaf jólasveinanna

Úr 1000 ára gömlum mosa stígur fótur.
Tröllkona ein sér hann og segir, sá er ljótur!
Tröllkarl stígur upp úr mosanum.
Tröllkonan heldur að hún sé skotin í honum.
Prettán tröllkarlar á eftir þeim lata.
Prettán tröllkarlar þann lata mata.

Gabriel Ísar Einarsson, 5. bekk

Tónleikar í Hallgrímskirkju

Barnakór Háteigsskóla tók þátt í fjölmennum tónleikum sem haldnir voru í Hallgrímskirkju fimmtudagskvöldið 8. desember. Börnin voru still og þrúð og sungu fjarska vel lögin sín og augljóst var að þau höfðu æft vel fyrir tónleikana. Á tónleikunum spiluðu nokkur barnanna á hljóðfæri og önnur sungu einsöng, allsendis ófeimin við alla athyglina. Börnunum og stjórnanda þeirra, Elínu Halldórsdóttur, er óskað til hamingju með góða frammistöðu.


Misheppnuð jól

Jólin koma, heimavinnu skilað,
kuldinn þroskast, rafmagnið bilað,
leira og lita, alltaf saman,
leika sér úti, það er gaman.

Fara að skreyta
ofsa gaman,
líka að breyta
húsinu í.

Aska liggur ein og yfirgefin.
Þetta kallast misheppnuð jól.
Kviknaði hafði í húsinu
og eiga þau engin ból.

Egill Elfar Stolzenwald, 5. bekk



Ef ég væri tré

Ef ég væri tré þá myndi ég tala við fuglana. Dansa í vindinum. Það væri dálítið gaman. Svo myndi ég horfa á krakkana í alls konar leikjum og horfa á kisuna klifra upp um mig. Hundurinn mun örugglega pissa á mig á eftir. Ég myndi alltaf vera í rigningunni og snjónum. Á haustin verð ég sko ljótur. Á sumrin er ég með hár. Á hverjum morgni heyri ég fuglasöng. Það eru eiginlega allir sem klifra í mér og mér finnst það dálítið vont eða þegar þau slíta greinarnar af mér.

Jóna Lís Helgadóttir, 3. bekk

Jólin

Snjórinn fellur af himnum ofan
og jörðin verður hvít.
Jólasveinar heimsækja byggðir
og gefa gjafir og börn verða glöð.
Jólin eru glaðlegur tími
fyrir fjölskyldu og vini
til að fagna saman.
Jólatrén glansa eins og
stjörnur á himnum
og allir glaðir verða.

Örn Magnús Pálsson, 5. bekk



Hæfileikakeppni

Hæfileikakeppni 5., 6. og 7. bekkjar var haldin 2. desember. Hún var undirbúin af 7. GHS og heppnaðist einstaklega vel. Atriðin voru um 22 og margir létu ljós sitt skína og skemmtu sér konunglega. Til dæmis var spilað á klarinett, saxófón, píanó og gítar og mikið var sungið, dansað og hlegið. Í fyrsta sæti var Laufey Lín í 7. HBE en hún söng og spilaði á píanó lagið „Someone Like You“ og hún stóð sig ólýsanlega vel.

Í öðru sæti var Snjólaug Vera í 5. EVÓ. Hún söng „Bláu augun þín“ og stóð sig með glæsibrag.

Í þriðja sæti var Björk í 7. HBE með dansatriði við lagið „Run the World“ og henni gekk frábærlega og var atriðið mikið sjónarspil.

Okkur finnst mikið um hæfileika á miðstigi og virðing hjá áhorfendum í sal var til fyrirmyndar.

Vonandi er hægt að gera þetta aftur við fyrsta tækifæri og við hlökkum til að sjá nýja og hæfileikaríka nemendur.

María Ása, Tryggvi og Maren, 7. bekk

Biluð jól

Það var einn dag, 13. des.
hann Stúfur fór í búð
að gjafir kaupa fyrir krakka,
mikla Ikea fór hann í
og hann gleymdi sér
og fór sá álfur að leika sér
og ekkert barn fékk
í skó þessa nótt.

Ingvar Snær Jennason, 5. bekk



Samsöngur á sal

Í haust var tekið upp á þeirri nýbreytni að bjóða foreldrum að koma og syngja með börnum sínum á föstudagsmorgnum, en þá syngjum við nokkur lög saman í salnum. Þessu hefur verið vel tekið og hafa foreldrar mætt vel og flestir tekið hraustlega undir sönginn. Það styður börnin og eykur áhuga þeirra ef þeir sjá að þeir eldri hafa gaman af söng. Að auki höfum við verið svo heppin að njóta aðstoðar Kristjáns Ólafssonar, föður, sem tók upp á því að mæta í skólann og spila með okkur á harmonikku eða saxófón. Það verður seint fullpakkað. Á haustönn hefur foreldrum 1. – 7. bekkjar verið boðið tvisvar að koma í skólann til að syngja með okkur. Á meðan foreldrar hafa gaman af þessu munum við halda áfram í vetur.

Jólin sorglegu

Einu sinni var fimm manna fjölskylda. Dóttir, litla dóttir, mamma, pabbi og litla Snæ. Snæ er lítil kisa sem er snjóhvít. Þessi jól voru fyrstu jólin hennar en ekki bestu og síðustu. Ég er að segja frá jólum sem lítil saklaus kisa átti að upplifa og allt mér að kenna. Jæja, þá byrjar sagan.

Snæ var á leiðinni út að labba og þá kom einhver og ætlaði að stela henni. Hún hljóp í burtu og villtist. Þá kom ég auga á hana. Ég var með boga og ör. Hún var ekki lengur hvít, heldur grá. Hún skalf af kulda og var glorhungruð. Allir fóru illa með hana. En ég tók bogann og skaut hana. Hún notaði síðustu krafta sína til að biðja um hjálp. Ég hljóp heim. Mér leið illa öll jólin. Ég fór ekki út í þrjá daga, en fjórða fór ég út á staðinn en þar lá kisan dauð. Ég tók bogann og braut hann í marga mola, en ég man þetta allt mitt líf.

Viktoría Ziliuta, 6. bekk

Julefrokost

Það er hefð fyrir því í Háteigsskóla að 10. bekkur blási til veislu að dönskum sið rétt fyrir jólin og bjóði foreldrum-/forráðamönnum og öðrum ættingjum. Í slíkum „julefrokost“ bjóða nemendur upp á allar þær helstu kræsingar sem eru á borðum Dana fyrir jólin, svo sem síld, kjötbollur, lifrarkæfu o.fl. og einnig eru skemmtiatriði frá nemendum. Verði er stillt í hóf en til þess að halda kostnaði niðri reynum við að fá sem mest gefins en þetta er fjáröflun fyrir vorferð 10. bekkjar. Það var skipuð sérstök nefnd sem sá um að útvega matvæli. Nefndin í ár var mjög öflug og á hrós skilið en flest allt fékkst gefins.

Það kostar vinnu að halda slíkan viðburð en með góðu skipulagi og jákvæðum og duglegum nemendum er allt hægt sem sýndi sig svo sannarlega í ár. Alls mættu um 180 manns bæði ungir sem aldnir. Það voru skemmtiatriði frá nemendum og þess má geta að öll kynning fór fram á dönsku en Haukur Smári og Steinunn stóðu sig frábærlega í því hlutverki. Maturinn sem nemendur sáu um að matreiða fyrir gestina var dýrlegur og allir fóru saddir og glaðir heim að kvöldi loknu.

Nemendur voru afar þakklátir þeim sem komu að julefrokost á einn eða annan hátt. Sérstaklega ber þar að nefna Klöru og Ernu sem voru afar hjálpsamar og liðlegar í okkar garð. Einnig þökkum við þeim foreldrum sem lögðu hönd á plóginn. Þetta var mjög skemmtilegt ferli, bæði undirbúningurinn og sjálf kvöldið sem var ógleymanlegt.

Glædelig jul! Erla Súsanna Þórisdóttir, dönskukennari


Flótti frá jörð

Einu sinni var strákur sem langaði mest í heiminum til að fara út í geim. Eitt kvöld fór hann að sofa. Hann dreymdi að hann færi út í geim, alveg út fyrir endimörk og þegar hann vaknaði var hann með pabba sínum í geimskipi. Þá voru þeir búnir að flýja jörðina á hröðustu eldfaug í heimi. Hún fór skrilljón, billjón sinnum hraðar en ljósið. Strákurinn spurði pabba sinn af hverju þeir hefðu farið út í geim. Pabbinn svaraði að geimverur hefðu gert innrás á jörðina og að þeir væru síðastir lifenda frá jörðinni. „Og nú erum við að leita að annarri plánetu sem við getum lifað á,“ sagði pabbinn. Eftir eitt ár í geimnum fundu þeir plánetu sem þeir gátu lifað á, en þeir voru ekki einir. Það voru vinalegar geimverur sem sögðu, „vov elol kok o mom i non non á poplol á non etot unona okokokar.“ Þá sagði strákurinn bara eitthvað út í loftið og sagði, „megum við búa hér?“ Þá sögðu geimverurnar, „jojá“, og þeir lifðu vel alla ævi.

Tristan Karel Helgason, 6. bekk

Jól

Grýlukertin ég sýg
og piparkökukhús ég bý til
piparkökukarlarnir segja hei,
þú skreytir okkur ei
með grænum, bláum, rauðum lit.
Magnús Ingi Kjartansson, 5. bekk




Hvít jól

Hvítur snjór, ný árstíð, jólaárstíðin.
Stress og pirringur í fullum mæli.
Enginn hugsar um öll stríðin.
Jólastofan breytist í hæli.

Þá kemur jólasnjórinn
sem passar við allt blóðið.
Hermenn sem hugsa ekkert um jólin.
Hugsa bara um að komast af, að lifa.

Og það er þá sem við hugsum:
Hvað snúast jólin um?
Jólasveinn í rauðum buxum.
Um það snúast jólin sum.
Hekla Baldursdóttir, 7. bekk



Dúfan

Ég flýg yfir hafið í átt að mat.
Í skóginum er kona með brauð í fanginu, ósköp fátæk en samt glöð.
Fuglarnir hópast í kringum hana í átt að mat, þeir líktust allir mér.

Að það skuli vera hún sem á varla mat fyrir sig sjálfa á meðan aðrir nutu gómsæts matar, en ég held að hún hafi notið mestu hamingju allra jóla og fuglarnir líka.

Jóna Gréta Hilmarsdóttir, 7. bekk



☺ Spakmæli mánaðarins: ☺
Klapp á bakið og örlítið hól
getur bjargað deginum hjá einhverjum.

Starfsemi Háteigsskóla 19. desember 2011 - 3. janúar 2012

	19. des.	20. des.	21. des.- 2. jan.	3. jan.
1. - 4. bekkur	Viðvera kl. 10:10 – 13:40. Dagskrá í sal kl. 12:20.	Viðvera kl. 11:30 – 13:40. Jólatré kl. 12.	Jólafrí. Halastjarnan verður opin alla virka daga nema 2. janúar	Samkvæmt stundatöflu
5. - 7. bekkur	Viðvera kl. 9:10 – 12:30. Dagskrá í sal kl. 10:30.	Viðvera kl. 10 – 12. Jólatré kl. 11.	Jólafrí	Samkvæmt stundatöflu
8. - 10. bekkur	Viðvera kl. 10 – 13. Valverkefni.	Kl. 8:45 í skóla. Kirkja kl. 9. Jólastund í skóla til kl. 11	Jólafrí	Samkvæmt stundatöflu